

Flokkunarstöðvar frá Íslenska Gámafélaginu

Bæjarsjóður Garðabæjar

Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur / Erla Bil Bjarnadóttir

Garðatorgi

210 Garðabær

Reykjavík, 15. desember 2015

Vísað er til fyrri samskipta vegna flokkunarstöðva frá Íslenska Gámafélaginu en við bjóðum Garðabæ að leigja tvær flokkunarstöðvar til tveggja ára, en Íslenska Gámafélagið mun þjónusta flokkunarstöðvarnar eftir þörfum og sjá til þess að það sé snyrtilegt í kringum þær.

Garðabær mun ákveða með staðsetningar á stöðvunum á síðari stigum.

Heildar leiguverð flokkunarstöðvanna tveggja á mánuði verður 29.000 + vsk. og þjónusta vegna losana og vöktunar fyrir tvær stöðvar verður 36.000 + vsk.


Verð vegna losana og leigu miðast við mánuðinn og mun tíðni losana fara eftir umfangi á hverjum stað en Íslenska Gámafélagið mun sjá um það að vakta flokkunarstöðvarnar og sjá til þess að þær yfirfyllist ekki.

Það er ljóst að þjónusta vegna flokkunar og endurvinnslu hjá Garðbæingum mun batna með tilkomu flokkunarstöðvanna en það kerfi er mun einfaldra en grenndargámakerfi Sorpu þar sem aðeins þarf að vera með venjulegan sorpbíl í losunum á flokkunarstöðvunum.

Verð vegna leigu og þjónustu miðast við vísitölu neysluverðs og breytist í takt við hana á þriggja mánaða fresti. Kostnaður vegna förgunar og eða endurgreiðslu vegna hráefnis sem kemur í flokkunarstöðvarnar miðast við þau kjör sem Garðabær er með hjá Sorpu og er Íslenska Gámafélaginu óviðkomandi. Íslenska Gámafélagið mun halda utan skráningar á þyngdum sem koma úr ílátum þannig að hægt sé að fylgjast með notkun á flokkunarstöðvunum.

Gott væri að heyra frá ykkur út af þessu sem fyrst en verið er að safna saman í pöntun á búnaði eins og þessum og væri gott að ná því að taka fyrir ykkur í sömu sendingu.

Kær kveðja



Gísli B. Ívarsson

Íslenska Gámafélagið ehf

gisli@gamur.is

8405790